

## GJALDSKRÁ

### um innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar vegna skemmtanahalds.

#### 1. gr.

Tímagjald lögreglumanna samkvæmt a-lið 3. mgr. 31. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 585 29. júní 2007, skal vera 3.495 krónur. Grundvöllur gjaldsins er eftirfarandi:

Laun pr. klst. skv. launatöflu lögreglumanna 1. maí 2007:	kr.
Launaflokkur 10-4:	2.397
Álag 20%:	<u>479</u>
Samtals:	2.876
Launatengd gjöld 21,53%:	<u>619</u>
Alls:	<u>3.495</u>

#### 2. gr.

Dagpeningar lögreglumanna samkvæmt b-lið 3. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 585 29. júní 2007 skulu ákvarðast í samræmi við auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins sem gildir á þeim tíma sem löggæslukostnaður er ákvarðaður.

#### 3. gr.

Aksturskostnaður lögreglumanna samkvæmt c-lið 3. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 585 29. júní 2007 skal ákvarðast í samræmi við gjald sem ákveðið er í auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins sem gildir á þeim tíma sem löggæslukostnaður er ákvarðaður.

#### 4. gr.

Kostnað vegna uppsetningar nauðsynlegs tækjabúnaðar og aðstöðu samkvæmt d- og e-lið 3. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 585 29. júní 2007 skal leyfishafi greiða í samræmi við útlagðan kostnað lögreglu studdan reikningum.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 5. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 585 29. júní 2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, sbr. 7. mgr. 17. gr. laga nr. 85 29. mars 2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar vegna skemmtanahalds nr. 592 11. júlí 2006.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júlí 2007.*

**Björn Bjarnason.**

Halla Bergþóra Björnsdóttir.